RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Snorri Finnlaugsson
Kt. 2102603829
Dags. 15.3.2024 17:30:56
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Magnús Björn Jónsson
Kt. 1404524679
Dags. 15.3.2024 17:47:47
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sveinn Þórarinn Finster Úlfarsson
Kt. 3108775499
Dags. 15.3.2024 17:50:41
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Hrefna Jóhannesdóttir
Kt. 0904754609
Dags. 15.3.2024 18:42:34
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Helgi Níelsson
Kt. 2401724379
Dags. 15.3.2024 22:21:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Kristján Eggert Jónasson
Kt. 1912605469
Dags. 16.3.2024 07:32:43
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Pétur Bergþór Arason
Kt. 2707704879
Dags. 17.3.2024 13:52:56
Ástæða: Undirritun

# Norðurá bs.

## Ársreikningur 2023

Norðurá bs.
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Kt. 560206-0620

# Efnisyfirlit

Bls.


| | |
|---|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

# Skýrsla og áritun stjórnar

### Hlutverk og starfsemi

Eigendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og  Austur-Húnavatnssýslu. Félagið starfar á grundvelli IX. kafla sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011. Við stofnun árið 2006 voru ellefu sveitarfélög aðilar að byggðasamlaginu en eftir sameiningu sveitarfélaga frá þeim tíma eru aðildarsveitarfélög nú fjögur og hefur hlutfallsleg eign þeirra í félaginu verið uppfærð í samræmi við það. Stofnfé byggðasamlagsins er 12,6 millj. kr. Í samþykktum kemur fram að tilgangur byggðasamlagsins sé að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir sveitarfélög og fyrirtæki á Norðurlandi.

### Rekstur ársins 2023

Rekstrartekjur félagsins námu 211,7 millj. kr. á árinu 2023 og hækkuðu um 2,7 millj. kr. milli ára eða um 1%. Hagnaður félagsins á árinu 2023 nam 53,5 millj. kr. en var 51,5 millj. kr. árið 2022. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Eigið fé félagsins í árslok nam 687,5 millj. kr. að meðtöldu stofnfé félagsins að fjárhæð 12,6 millj. kr. en eigið fé var 634,1 millj. kr. á árinu 2022.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var 3,7 sem er sami fjöldi starfa og árið 2022.

### Framtíðarhorfur og skuldbindingar

Framkvæmdum við stækkun urðunarhólfs hófust á árinu. Verksamningur var gerður við Árna Helgason ehf. um verkið og nam samningsupphæð 324,5 millj. kr. Verklok voru sett 15. desember 2023 en vegna breytinga á hönnun og frágangi og magnaukningar er gert ráð fyrir verklokum í júní 2024. Umrædd stækkun urðunahólfsins er lokaáfangi í nýtingu leigulandsins og reiknað með að það verði fullnýtt 2038 og þá verði aðrar lausnir fundnar á afsetningu og nýtingu úrgangs. Vegna framkvæmdanna var tekið 170 millj. kr. lán til 15 ára hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., með einfaldri ábyrgð aðildarsveitarfélaga Norðurár bs. Framkvæmdir voru að öðru leyti fjármagnaðar af eigin fé.

### Yfirlýsing stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil sveitarfélaga og byggðasamlaga þeirra. Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af rekstri Norðurár bs. fyrir árið 2023, eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2023 og breytingu á handbæru fé á árinu.

Stjórn Norðurár bs. hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Stekkjarvík, 15. mars 2024.

Stjórn:

Magnús B. Jónsson
Hrefna Jóhannesdóttir
Sveinn Úlfarsson
Snorri Finnlaugsson
Pétur Arason

Ársreikningur þessi var lagður fyrir stjórn þann 15. mars 2024 og undirritaður með rafrænum hætti í framhaldi af fundinum.

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Norðurár bs.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Norðurár bs. („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar á ársreikningnum

Stjórn er ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem hún telur nauðsynlegt til að gera henni kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema hún ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

**Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:**

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Sauðárkrókur, 15. mars 2024.

***KPMG ehf.***

Kristján Jónasson
Helgi Níelsson

# Rekstrarreikningur árið 2023

| | Skýr. | Ársreikningur 2023 | Fjárhagsáætlun 2023 | Ársreikningur 2022 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | | |
| Seld þjónusta | | 211.697.119 | 197.241.000 | 207.572.550 |
| Aðrar tekjur | 12 | 0 | 0 | 1.447.881 |
| | | 211.697.119 | 197.241.000 | 209.020.431 |
| **Rekstrargjöld** | | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 13 | 53.287.857 | 48.825.000 | 45.719.063 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 42.891.376 | 57.076.000 | 40.236.613 |
| Afskriftir | 14 | 35.076.434 | 35.076.000 | 40.498.634 |
| | | 131.255.667 | 140.977.000 | 126.454.310 |
| Rekstrarhagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld | | 80.441.452 | 56.264.000 | 82.566.121 |
| **Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld** | | | | |
| Vaxtatekjur | | 2.798.332 | 0 | 119.202 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 32.305.964) | ( 33.805.000) | ( 38.413.533) |
| Afkoma verðbréfasjóða | | 7.512.527 | 0 | 7.258.731 |
| Fjármagnstekjuskattur | | ( 4.979.818) | 0 | ( 27.386) |
| | | ( 26.974.923) | ( 33.805.000) | ( 31.062.986) |
| **Hagnaður ársins** | 16 | 53.466.529 | 22.459.000 | 51.503.135 |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | Ársreikningur 2023 | Fjárhagsáætlun 2023 | Ársreikningur 2022 |
|---|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 14 | 750.438.012 | 1.057.402.000 | 533.981.409 |
| Leigueign | 14 | 127.452.567 | 127.452.000 | 135.949.405 |
| Fastafjármunir | | 877.890.579 | 1.184.854.000 | 669.930.814 |
| | | | | |
| Viðskiptakröfur | | 21.523.524 | 20.380.000 | 18.444.484 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 2.091.803 | 0 | 1.935.125 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 11.093.395 | 0 | 0 |
| Verðbréfaeign | | 0 | 0 | 213.760.185 |
| Handbært fé | | 178.058.336 | 28.605.000 | 47.128.466 |
| Veltufjármunir | | 212.767.058 | 48.985.000 | 281.268.260 |
| | | | | |
| **Eignir samtals** | | 1.090.657.637 | 1.233.839.000 | 951.199.074 |
| | | | | |
| **Eigið fé** | | | | |
| Stofnfé | 15 | 12.600.000 | 12.600.000 | 12.600.000 |
| Lokunarsjóður | 17 | 41.829.613 | 0 | 37.029.613 |
| Óráðstafað eigið fé | | 633.093.132 | 643.915.000 | 584.426.606 |
| Eigið fé | 16 | 687.522.745 | 656.515.000 | 634.056.219 |
| | | | | |
| **Skuldir** | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 18 | 182.113.774 | 353.600.000 | 47.818.768 |
| Leiguskuldir | 19 | 152.518.635 | 140.082.000 | 146.968.138 |
| Langtímaskuldir | | 334.632.409 | 493.682.000 | 194.786.906 |
| | | | | |
| Næsta árs afborganir langtímaskulda | 18 | 40.180.954 | 56.452.000 | 92.702.352 |
| Næsta árs afborganir leiguskulda | 19 | 7.812.493 | 6.886.000 | 6.885.798 |
| Viðskiptaskuldir | | 7.902.945 | 20.304.000 | 7.480.151 |
| Skuldir við tengda aðila | | 5.805.391 | 0 | 5.005.725 |
| Áfallnir vextir langtímalána | | 925.281 | 0 | 2.463.403 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 5.875.419 | 0 | 7.818.520 |
| Skammtímaskuldir | | 68.502.483 | 83.642.000 | 122.355.949 |
| | | | | |
| Skuldir samtals | | 403.134.892 | 577.324.000 | 317.142.855 |
| | | | | |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 1.090.657.637 | 1.233.839.000 | 951.199.074 |

# Sjóðstreymisyfirlit árið 2023

| | Skýr. | Ársreikningur 2023 | Fjárhagsáætlun 2023 | Ársreikningur 2022 |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | | |
| Hagnaður ársins | 16 | 53.466.529 | 22.459.000 | 51.503.135 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | | |
| Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 0 | ( 1.398.439) |
| Afskriftir | 14 | 35.076.437 | 35.076.000 | 40.498.634 |
| Áfallnar verðbætur langtímalána | | 22.046.585 | 22.233.000 | 26.108.501 |
| Veltufé frá rekstri | | 110.589.551 | 79.768.000 | 116.711.831 |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum: | | | | |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 14.329.113) | 0 | ( 3.529.879) |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | | ( 3.058.429) | ( 2.464.000) | 1.914.945 |
| Skuldir við tengda aðila, breyting | | 799.666 | 0 | ( 194.835) |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | ( 16.587.876) | ( 2.464.000) | ( 1.809.769) |
| Handbært fé frá rekstri | | 94.001.675 | 77.304.000 | 114.902.062 |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | | |
| Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum | 14 | ( 243.036.199) | ( 550.000.000) | ( 14.997.695) |
| Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna | | 0 | 0 | 4.326.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | ( 243.036.199) | ( 550.000.000) | ( 10.671.695) |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 170.000.000 | 340.000.000 | 0 |
| Afborganir langtímaskulda | | ( 95.902.199) | ( 92.702.000) | ( 84.245.021) |
| Afborganir leiguskulda | 19 | ( 7.893.592) | ( 6.886.000) | ( 6.977.665) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | 66.204.209 | 240.412.000 | ( 91.222.686) |
| **(Lækkun) hækkun á handbæru fé** | | ( 82.830.315) | ( 232.284.000) | 13.007.681 |
| **Handbært fé og verðbréf í ársbyrjun** | | 260.888.651 | 260.889.000 | 247.880.970 |
| **Handbært fé í árslok** | | 178.058.336 | 28.605.000 | 260.888.651 |

# Skýringar

**1. Félagið**

Norðurá bs. („Félagið“) er íslenskt byggðasamlag og er lögheimili þess að Skagfirðingabraut 17 á Sauðárkróki.

Stofnendur Norðurár bs. eru sveitarfélögin í Skagafjarðarsýslu og Austur-Húnavatnssýslu. Tilgangur byggðasamlagsins er að annast móttöku og förgun úrgangs fyrir sveitarfélög og fyrirtæki á Norðurlandi.

**Reikningsskilaaðferðir**

**2. Grundvöllur reikningsskilanna**

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

**3. Erlendir gjaldmiðlar**

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

**4. Innlausn tekna**

Tekjur af þjónustu eru færðar þegar þjónusta hefur verið innt af hendi og kröfuréttur myndast. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

**5. Færsla gjalda**

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

**6. Verðlagsviðmið**

Eignir og skuldir, sem bundnar eru verðlagsvísitölu eru færðar í ársreikninginn miðað við verðlag í árslok. Verðlagsbreytingar sem myndast eru færðar í rekstrarreikning.

**7. Varanlegir rekstrarfjármunir**

Leigðar eignir eru fasteignir sem félagið leigir til sín samkvæmt leigusamningum sem eru að lágmarki til þriggja ára og ekki uppsegjanlegir af hálfu félagsins innan árs frá upphafsdegi leigusamnings.

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

| | |
|---|---|
| Fasteignir og urðunarstaður ........................................ | 30 ár |
| Bifreiðar ........................................ | 7 ár |
| Vélar, áhöld og tæki ........................................ | 5 - 7 ár |

**8. Viðskiptakröfur**

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

**9. Handbært fé**

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

**10. Langtímaskuldir**

Langtímaskuldir eru færðar í efnahagsreikning í árslok eins og lánskjör segja til um. Næsta árs afborganir langtímaskulda eru færðar meðal skammtímaskulda.

## 11. Leiguskuldir

Við upphaflega skráningu skuldbindingar vegna leigusamninga er leiguskuld færð á gangvirði hinnar leigðu eignar eða núvirði lágmarksleigugreiðslna leigusamnings sé það lægra. Lágmarksleigugreiðslum er skipt í vaxtagjöld og afborganir af eftirstöðvum skulda. Vaxtagjöldunum er dreift á leigutímann miðað við virka vexti.

Lágmarksleigugreiðslur eru þær greiðslur á samningstíma sem leigutaka er skylt að greiða eða hann kann að verða krafinn um.

Við útreikning á núvirði lágmarksleigugreiðslu er miðað við ávöxtunarkröfu leigusala ef það er gerlegt að ákvarða hana, en ef ekki er miðað við lánskjör félagsins af nýju fjármagni á þeim tíma sem samningur er gerður.

## 12. Aðrar tekjur

| Aðrar tekjur greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Söluhagnaður | 0 | 1.398.438 |
| Aðrar tekjur | 0 | 49.443 |
| Aðrar tekjur samtals | 0 | 1.447.881 |

## 13. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Laun | 42.958.379 | 36.129.352 |
| Mótframlag í lífeyrissjóð | 4.983.284 | 4.308.085 |
| Önnur launatengd gjöld | 4.670.462 | 4.667.241 |
| Annar starfsmannakostnaður | 675.732 | 614.385 |
| Laun og launatengd gjöld samtals | 53.287.857 | 45.719.063 |
| Ársverk | 3,7 | 3,7 |

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

| | **Fasteignir og urðunarstaður** | **Bifreiðar** | **Vélar, áhöld og tæki** | **Samtals** |
|---|---|---|---|---|
| Heildarverð 1.1.2022 | 707.862.855 | 5.099.280 | 90.794.204 | 803.756.339 |
| Viðbót á árinu | 0 | 0 | 14.997.695 | 14.997.695 |
| Selt og niðurlagt á árinu | 0 | 0 | ( 8.065.000) | ( 8.065.000) |
| Heildarverð 31.12.2022 | 707.862.855 | 5.099.280 | 97.726.899 | 810.689.034 |
| Viðbót á árinu | 242.036.199 | 0 | 1.000.000 | 243.036.199 |
| Heildarverð 31.12.2023 | 949.899.054 | 5.099.280 | 98.726.899 | 1.053.725.233 |
| | | | | |
| Afskrifað samtals 1.1.2022 | 175.502.380 | 2.283.498 | 72.057.393 | 249.843.271 |
| Afskriftir færðar út við sölu | 0 | 0 | ( 5.137.439) | ( 5.137.439) |
| Afskriftir ársins | 23.595.427 | 614.881 | 7.791.489 | 32.001.797 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 199.097.807 | 2.898.379 | 74.711.443 | 276.707.629 |
| Afskriftir ársins | 23.595.279 | 614.888 | 2.369.433 | 26.579.600 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | 222.693.086 | 3.513.266 | 77.080.876 | 303.287.228 |
| | | | | |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 508.765.048 | 2.200.902 | 23.015.456 | 533.981.409 |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 727.205.968 | 1.586.014 | 21.646.023 | 750.438.012 |
| Afskriftahlutföll | 3% | 15% | 15%-20% | |

## 14. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh:,

Leigðar eignir greinast þannig:

| | Urðunar-staður |
|---|---|
| Heildarverð 1.1.2022 | 152.943.081 |
| Heildarverð 31.12.2022 | 152.943.081 |
| Heildarverð 31.12.2023 | 152.943.081 |
| | |
| Afskrifað samtals 1.1.2022 | 8.496.838 |
| Afskriftir ársins | 8.496.838 |
| Afskrifað samtals 31.12.2022 | 16.993.676 |
| Afskriftir ársins | 8.496.838 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | 25.490.514 |
| | |
| Bókfært verð 31.12.2022 | 135.949.405 |
| Bókfært verð 31.12.2023 | 127.452.567 |
| Afskriftahlutföll | 3% |

Samantekið:

| | |
|---|---|
| Varanlegir rekstrarfjármunir 1.1.2022 | 669.930.814 |
| Keypt á árinu | 243.036.199 |
| Afskriftir samtals á árinu | ( 35.076.437) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir 31.12.2022 | 877.890.579 |

### Fasteignamat og vátryggingarverðmæti

Fasteignamat og vátryggingarverðmæti greinist þannig:

| | Fasteigna-mat | Brunabóta-mat | Vátryggingar-verðmæti |
|---|---|---|---|
| Fasteignir | 80.160.000 | 143.050.000 | 140.610.080 |
| Vélar, áhöld og tæki | | | 203.902.055 |
| Samtals | 80.160.000 | 143.050.000 | 344.512.135 |

## 15. Stofnfé

Stofnfé byggðasamlagsins samkvæmt stofnsamningi er að fjárhæð 12,6 millj. kr. Eigendur leggja fram stofnfé í hlutfalli við íbúatölu sveitarfélaganna miðað við 1. janúar greiðsluárs. Innborgað stofnfé greinist þannig á stofnaðila:

| | Stofnfé 31.12.2023 | Hlutfall |
|---|---|---|
| Skagafjörður | 8.600.000 | 68,25% |
| Húnabyggð | 2.723.000 | 21,61% |
| Sveitarfélagið Skagaströnd | 1.073.000 | 8,52% |
| Skagabyggð | 204.000 | 1,62% |
| | 12.600.000 | 100,00% |

## 16. Yfirlit eiginfjárreikninga

| | Stofnfé | Lokunar sjóður | Óráðstafað eigið fé | Samtals |
|---|---|---|---|---|
| Eigið fé 1.1.2022 | 12.600.000 | 33.329.613 | 536.623.471 | 582.553.084 |
| Hagnaður ársins | 0 | 0 | 51.503.135 | 51.503.135 |
| Lagt í lokunarsjóð | 0 | 3.700.000 | ( 3.700.000) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2022 | 12.600.000 | 37.029.613 | 584.426.606 | 634.056.219 |
| Hagnaður ársins | 0 | 0 | 53.466.529 | 53.466.529 |
| Lagt í lokunarsjóð | 0 | 4.800.000 | ( 4.800.000) | 0 |
| Eigið fé 31.12.2023 | 12.600.000 | 41.829.613 | 633.093.135 | 687.522.745 |

## 17. Lokunarsjóður

Í 18. gr. reglugerðar um urðun nr. 738/2003, er tekið fram að gjald fyrir urðun úrgangs skuli nægja fyrir kostnaði sem fellur til við lokun urðunarstaðar og vöktunar hans þar eftir, en í greininni segir: "Rekstraraðili urðunarstaðar skal innheimta gjald vegna urðunar úrgangs. Gjaldið skal nægja fyrir öllum kostnaði við urðun úrgangsins, þar með talið uppsetningu og rekstri viðkomandi urðunarstaðar. Einnig skjal gjaldið að svo miklu leyti sem hægt er að standa undir kostnaði sem fylgir því að setja fjárhagslega tryggingu eða jafngildi hennar, sbr. 17. gr. reglugerðar þessarar og áætluðum kostnaði við lokun staðarins og nauðsynlegt eftirlit í kjölfar lokunar í 30 ár."

Samkvæmt útreikningum Eflu Verkfræðistofu mun kostnaður við lokun urðunarstaðarins við Stekkjarvík, sem áætlað er að muni eiga sér stað árið 2039, og vöktun hans í 30 ár eftir lokun nema um 115 millj. kr. Til að mæta þessum kostnaði hefur verið myndaður sérstakur lokunarsjóður meðal eigin fjár og mun þurfa að leggja í hann um 2,3% af urðunargjaldi árlega skv. mati Eflu Verkfræðistofu til að hann geti í framtíðinni staðið undir kostnaði við lokun urðanarstaðar félagsins. Sú breyting var gerð á árinu að hækka þetta hlutfall úr 1,8% í 2,3%. Á árinu 2023 voru lagðar 4,8 millj. kr. í lokunarsjóð.

## 18. Skuldir við lánastofnanir

Skuldir við lánastofnanir greinast þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|---|---|
| Verðtryggðar skuldir í ISK | 222.294.728 | 140.521.120 |
| Skuldir við lánastofnanir samtals | 222.294.728 | 140.521.120 |
| Næsta árs afborganir langtímalána | ( 40.180.954) | ( 92.702.352) |
| Skuldir við lánastofnanir samkvæmt efnahagsreikningi | 182.113.774 | 47.818.768 |

Afborganir skulda við lánastofnanir greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Afborganir árið 2024/2023 | 40.180.954 | 92.702.352 |
| Afborganir árið 2025/2024 | 28.952.065 | 47.818.768 |
| Afborganir árið 2026/2025 | 11.376.526 | 0 |
| Afborganir árið 2027/2026 | 11.376.526 | 0 |
| Afborganir árið 2028/2027 | 11.376.526 | 0 |
| Síðar | 119.032.132 | 0 |
| Afborganir langtímalána samtals | 222.294.728 | 140.521.120 |

Til tryggingar greiðslu lánanna, ásamt vöxtum, verðbótum og kostnaði hafa sveitarfélögin sem standa að félaginu; Húnabyggð, Skagafjörður, Sveitarfélagið Skagaströnd og Skagabyggð veitt einfalda ábyrgð á lánum sem tekin eru hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf. í samræmi við 2. mgr. 69 gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

## 19. Leiguskuldir

Félagið hefur gert leigusamning um leigu á landi undir urðunarstað félagsins Stekkjarvík í landi Sölvabakka sem færðir eru til skuldar. Hið leigða land er leigt leigutaka með samningi sem gildir til ársloka 2038. Leigutaki hefur forleigurétt á hinu leigða landi að samningstíma liðnum. Leigusamningurinn tekur mið af neysluverðsvísitölu til verðtryggingar og greinist þannig:

| | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Leiguskuld færð í efnahag | 153.853.936 | 149.635.400 |
| Afborganir ársins | ( 7.893.592 ) | ( 6.977.665 ) |
| Verðbætur | 14.370.784 | 11.196.201 |
| | 160.331.128 | 153.853.936 |
| Næsta árs afborgun | ( 7.812.493 ) | ( 6.885.798 ) |
| Samtals langtímahluti leiguskulda | 152.518.635 | 146.968.138 |

Afborganir af leiguskuldum greinast þannig á næstu ár:

| | | |
|---|---|---|
| Árið 2024/2023 | 7.812.483 | 6.885.798 |
| Árið 2025/2024 | 8.391.118 | 7.555.447 |
| Árið 2026/2025 | 8.346.989 | 7.481.296 |
| Árið 2027/2026 | 8.351.177 | 7.485.050 |
| Árið 2028/2027 | 8.355.368 | 7.488.806 |
| Síðar | 119.073.993 | 116.957.539 |
| Leiguskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir | 160.331.128 | 153.853.936 |

Aðrar upplýsingar um leigusamninga:

| | **Leigutími** | **Afvöxtunar-stuðull** | **Bókfært verð** |
|---|---|---|---|
| Landleiga - Sölvabakka | 2020-2038 | 3,4% | 160.331.128 |

Ónúvirtar lágmarksleigugreiðslur samnings greinast þannig:

| | |
|---|---|
| Árið 2024 | 13.773.598 |
| Árið 2025 | 13.773.598 |
| Árið 2026 | 13.773.598 |
| Árið 2027 | 13.773.598 |
| Árið 2028 | 13.773.598 |
| Síðar | 83.650.645 |
| | 152.518.635 |

| Heildargreiðslur ársins vegna leigusamninga greinast þannig: | **2023** | **2022** |
|---|---|---|
| Afborganir til lækkunar á leiguskuld | 7.893.592 | 6.977.665 |
| Vaxtagjöld | 5.246.672 | 5.032.868 |
| Heildarleigugreiðslur | 13.140.264 | 12.010.533 |